

- d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leiti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notenda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
- e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkv. kostnaði. Tengigjald fellur í gjald-daga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

### Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins. Sölugjald 25% samkvæmt lögum er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema liður D (húshitun), sem er undanþeginn gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 20. júlí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 244, 4. maí 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 11. júlí 1988.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð menningarstarfs í Vestmannaeyjum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. júní 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Styrktarsjóð menningarstarfs í Vestmannaeyjum.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður menningarstarfs í Vestmannaeyjum. Hann er stofnaður í minningu skáldbræðranna Oddgeirs Kristjánssonar, Ása í Bæ og Árna úr Eyjum, og með vitund og vilja ekkna þeirra. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er sparisjóðsbók nr. 501476 í Útvegsbanka Íslands hf. útibúinu í Vestmannaeyjum með 55 813 kr. og skal það haldast óskert.

Sjóðinn skal ávallt ávaxta á hinn besta og tryggasta hátt eins og stjórn sjóðsins metur það á hverjum tíma.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Vaxtatekjur og verðbætur af stofnfé og öðru því fé er sjóðnum áskotnast.
- b) Gjafir og áheit.
- c) Söfnunarfé.

Sjóðsstjórnin skal sjá um að einu sinni á ári fari fram almenn fjársöfnun í bænum til styrktar sjóðnum.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Vestmannaeying til tónlistarnáms eða annars þess náms er verða má menningu Eyjanna til styrktar og framdráttar.

Skal árlega veitt allt að  $\frac{3}{4}$  hluta af árstekjum sjóðsins, sbr. 3. gr. í þessu skyni, skv. ákvörðun sjóðsstjórnar.

Óheimilt er þó að veita styrki úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans er orðin 250 000 kr. tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn:

- a) Skólameistari framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, sem er formaður sjóðsstjórnar.
- b) Fulltrúi tilnefndur af kór Landakirkju.
- c) Fulltrúi tilnefndur af Lúðrasveit Vestmannaeyja.
- d) Sérákvæði: Ef stofnuð verða hér í framtíðinni öflug félög á því sviði sem sjóðurinn er stofnaður til, er sjóðsstjórn heimilt að óska eftir að þau félög tilnefni fulltrúa í sjóðsstjórnina.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Hverfi stjórnarmaður úr stjórn skulu sömu aðilar þegar í stað tilnefna annan í hans stað.

Stjórnin skal halda gjörðabók.

## 6. gr.

Fjárreiður og reikningshald sjóðsins er á hendi sjóðsstjórnar. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar gerðir af sjóðsstjórn og birtir í bæjarblöðunum í Eyjum.

## 7. gr.

Ef sjóðurinn hættir starfsemi sinni af einhverjum sökum skal fé það, er þá kann að vera í honum renna til annarra sambærilegra verkefna í Eyjum.

Heimilt er að breyta ákvæðum þessarar skipulagsskrár að einróma tillögu sjóðsstjórnar og með samþykki þeirra aðila er skipa í stjórn hans.

Tilgangi sjóðsins má þó aldrei raska.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.